

Fundargerð aðalfundar Trans Ísland 2024-2025

Haldinn 4. mars 2025 á Suðurgötu 3, Reykjavík.

Fundarritari: Vera Illugadóttir

1. Fundur settur.

Reyn Alpha Magnúsdóttir, forseti Trans Ísland, setur fund kl. 17:47. Mætt voru 14.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Forseti tilnefnir Kitty Anderson sem fundarstjóra og Veru Illugadóttur sem fundarritara. Forseti ber tilnefningarnar upp til samþykktar. Tilnefningarnar eru samþykktar með lófataki.

3. Lögmæti aðalfundar staðfest.

Fundarstjóri fer yfir skilyrði fyrir lögmæti aðalfundar sem eru skv. lögum félagsins:

„[Aðalfund] skal halda í febrúar eða mars ár hvert og skal til hans boðað skriflega með tveggja vikna fyrirvara.“ Til fundarins var boðað á öllum helstu miðlum félagsins 6. febrúar og voru tímamörk fundarboðs uppfyllt. Fundur telst því löglegur. Engar athugasemdir eru gerðar við fundarboðun.

4. Skýrsla stjórnar.

Reyn forseti og Alex varaforseti stikla á stóru úr ársskýrslu stjórnar. Hvað lagaleg réttindi varðar bar hæst á árinu að loksins var sett ný reglugerð um hollustuhætti. Þá skrifaði félagið umsagnir um nokkur frumvörp og reglugerðardrög. Í heilbrigðismálum var gott samstarf við transteymið. Félagið hélt fjölmarga viðburði á árinu. Lítið var um markvissa fjáröflun þar sem fjárhagsstaða félagsins er góð. Félagið átti í góðu samstarfi við Samtökin '78 og í ýmsu öðru starfi. Ársskýrslan verður aðgengileg á vef félagsins.

Fundargestir þakka Reyn og Alex fyrir greinagerðina með lófataki.

5. Endurskoðaðir ársreikningar lagðir fram.

Aró gjaldkeri kynnir ársreikninga síðasta árs. Sem fyrr segir er fjárhagsstaða félagsins er góð og félagið kom út í plús í ár sem undanfarin ár.

6. Umræða og atkvæðagreiðsla um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Engin frekari umræða er um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Fundarstjóri ber þá upp skýrslu og ársreikninga til samþykktar. Bæði ársskýrsla og ársreikningar eru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Lagabreytingar.

1. tillaga stjórnar. Lagt er til að í 13. grein laga félagsins sé orði *verkum* breytt í *hlutverkum*. Þá er lagt til að bætist við ný 14. grein, svohljóðandi:

„Forseti er oddviti stjórnar og stýrir fundum hennar. Varaforseti gegnir störfum forseta í fjarveru hans. Ritari ritar fundargerðir stjórnar og ber ábyrgð á að erindum sem berast félaginu í tölvupósti og á samfélagsmiðlum sé svarað. Gjaldkeri ber ábyrgð á fjármálum félagsins og sér

um gerð ársreikninga fyrir aðalfund. Meðstjórnandi sinnir öðrum verkum sem stjórn ákveður. Stjórnarmeðlimum er heimilt að fela öðrum stjórnarmeðlimum verkefni sín eftir þörfum, í samráði við viðkomandi stjórnarmeðlim. Stjórn skal á sínum fyrsta fundi að loknum aðalfundi setja sér verklagsreglur.“

Spurt er hvers vegna þörf sé á þessari breytingu. Reyn forseti segir að stjórnin hafi þegar unnið samkvæmt þessu verklagi en þörf sé á að hafa verklagsreglurnar skýrar í lögum.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Tillaga skoðast samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

2. tillaga stjórnar. Í 5. grein, 5. töluliðar dagskrár aðalfundar, verði „endurskoðaðir ársreikningar“ breytt í „skoðaðir ársreikningar“. Löggiltur endurskoðandi þurfi því ekki að skoða ársreikninga.

Fundarstjóri ber tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Tillaga skoðast samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

3. tillaga stjórnar. Í 15. grein (eftir breytingu í 1. tillögu, 14. grein í núgildandi lögum) bætist við eftirfarandi setning: „Tillögur [lagabreytinga] skulu vera gerðar aðgengilegar félagsfólki minnst sólarhring fyrir aðalfund.“

Reyn forseti útskýrir samhengi tillögunnar, en stjórn var falið að gera leggja fram slíka tillögu á síðasta aðalfundi. Nokkrar umræður eru um tillöguna. Fundarstjóri ber tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Tillaga skoðast samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

4. tillaga stjórnar. Í upphafi 16. greinar (eftir breytingu í 1. tillögu, 15. grein í núgildandi lögum) verði bætt við eftirfarandi setningu: „Ákvörðun um slit félagsins verður ekki tekin nema á aðalfundi. Tillaga þess efnis skal hljóta sömu meðferð og tillögur til lagabreytinga skv. 15. grein laga félagsins.“ Þá verði orðið „meðlimir“ í næstu setningu breytt í „fundarmenn“.

Reyn forseti útskýrir að ekki hafi verið skilgreint nógu vel í lögum hvernig standa skuli að sliti félagsins. Fundarstjóri ber tillöguna upp til atkvæðagreiðslu. Tillaga skoðast samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning forseta.

Einn frambjóðandi er til forseta, sitjandi forseti Reyn Alpha Magnúsdóttir. Enginn býður sig fram gegn henni á fundinum. Er Reyn endurkjörin forseti með lófataki fundargesta.

9. Kosning fjögurra stjórnarmeðlima.

Ari Logn, Aró Berg Jónasar, Jóhann Kristian Jóhannsson, og Kolbrá Ethel hafa þegar tilkynnt framboð til stjórnar. Hulda býður sig fram til stjórnar á fundinum. Hún kynnir sig fyrir fundargestum. Í kjölfarið kynna Aró, Jóhann og Kolbrá sig einnig og Alex kynnir Logn sem er fjarverandi sökum veikinda.

Aðalfundur samþykkir með lófataki tillögu að tímabundinni kjörstjórn fyrir kosningu: fundarstjóra Kitty Anderson og fundarritara Veru Illugadóttir.

Niðurstaða kosninga er sú að í stjórn eru kosin Ari Logn með 9 atkvæði, Aró Berg Jónasar með 14 atkvæði, Jóhann Kristian Jóhannsson með 14 atkvæði, og Kolbrá Ethel með 13 atkvæði.

10. Kosning eins skoðunaraðila reikninga.

Eitt framboð barst til skoðunaraðila eikninga. Daníel E. Arnarsson er kjörinn með lófataki.

11. Samþykkt félagsgjalds.

Tvö þrep eru á félagsgjaldi. Efra þrep er 2000 kr og lægra þrep 500 kr. Félagsgjöld eru samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

12. Önnur mál.

a. Trans Ísland eru aðilar að IGLYO, alþjóðlegum samtökum hinsegin ungmennafélaga. Alex fyrir hönd stjórnar leggur til að félagið segi sig úr IGLYO. Spurt er hvers vegna. Trans Ísland er ekki ungmennafélag, aðildin hefur lítið verið nýtt og félagið hefur í raun ekki bolmagn til að sinna samstarfinu meira. Þá er Q-félagið þegar aðili að samtökunum.

Tillaga skoðast samþykkt með lófataki.

b. Fráfarandi stjórn er þakkað fyrir góð störf með lófataki.

13. Fundi slitið

Ekki eru fleiri mál til umræðu og fundi er slitið 19:26.

Undirskrift

Fundarstjóri

Fundarritari